

Alþingi
Erindi nr. P 137/300
komudagur 19.6.2009

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 25. júní 2009
nr. erindis 200906085 tgg

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009

Samkvæmt lögum um náttúruvernd, skal umhverfisráðherra láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Í áætluninni eiga að vera sem gleggstar upplýsingar um þær náttúruminjar sem Alþingi þykir ástæða til að friðlýsa á hverjum tíma. Því er um að ræða stefnu stjórnvalda í náttúruverndarmálum og fyrsta skref í þá átt að koma á fót skipulegu neti verndarsvæða hér á landi til að tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni. Sveitarfélögum er eftir sem áður heimilt að stuðla að og vinna að friðlýsingu náttúruvætta á sínu svæði í samvinnu við Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneytið.

Fyrirkomulagi athugasemda við þingsályktunartillöguna virðist vera að einhverju leyti ábótavant þar sem svo virðist sem óskað sé eftir athugasemdum á lokastigi ferlisins. Mætti að ósekju gefa sveitarfélögum tækifæri til að koma með athugasemdir eða umsagnir á fyrri stigum málsins, áður en fullmótaðar tillögur um friðlýsingar ákveðinna svæða liggja fyrir. Með þeim hætti gæfist sveitarfélögum tækifæri til að tilnefna svæði sem þau telja eiga heima á lista um fyrirhugaðar friðlýsingar, þannig að mögulegt sé að uppfæra listann, séu fyrir því gild rök.

Í Mosfellsbæ er að finna mörg svæði sem vert væri að friðlýsa og því er mikilvægt að Mosfellsbær hafi tækifæri til að upplýsa viðkomandi aðila sem koma að gerð náttúruverndaráætlana um mögulegar tilnefningar í bæjarfélaginu. Í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar er nú unnið að friðlýsingu Tröllafoss og Helgufoss í Mosfellsbæ, auk þess sem kannaðir verða möguleikar á friðun fleiri svæða eins og fram kemur í aðalskipulaginu.

Mosfellsbær telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við umrædda þingsáætlunartillögu.

Virðingarfyllst,



Tómas Guðberg Gíslason
Umhverfisstjóri

